



Ungmennasamband Kjalarneßings

ÞINGGERÐ

**64. ÁRSPÍNG
Í HLÉGARDI 14. FEBRÚAR 1988**

Dagskrá 64. Ársþings UMSK

HALDIÐ AÐ HLÉGARDI MOSFELLSBÆ, 14. FEBRÚAR 1988.

1. Þingsetning	kl. 10:00
2. Kosnir starfsmenn þingsins	kl. 10:20
3. Kosning í kjörbréfanefnd	kl. 10:30
4. Skýrsla stjórnar	kl. 10:40
5. Ávörp gesta	kl. 11:15
6. Kjörbréfanefnd skilar álti	kl. 11:45
7. Matarhlé	kl. 12:00
8. Umræður um skýrslu stjórnar	kl. 13:00
9. Skipað í nefndir, mál lögð fyrir	kl. 13:30
10. Nefndarstörf	kl. 14:00
11. Nefndir skila álti	kl. 15:30
12. Önnur mál	kl. 16:30
13. Kosningar	kl. 17:00
14. Þingslit	kl. 17:15



64. Ársþing UMSK

64. ÁRSÞING UMSK
haldið í Hlégarði
þann 14. febrúar 1988.

1. Setning þingsins.

Hafsteinn Pálsson setti þingið klukkan 10:15 og bauð gesti og þingfulltrúa velkomna.

Gestir þingsins voru: Pálmi Gíslason UMFÍ, Sveinn Björnsson ÍSÍ, Katrín Gunnarsdóttir, Sigurður Þorsteinsson framkvæmdastjóri UMFÍ, Jón Ármann Héðinsson, Hannes Þ. Sigurðsson ÍSÍ, Sigurður Geirdal og Páll Guðjónsson.

2. Kosnir starfsmenn þingsins.

Fyrsti þingforseti var kjörinn Pétur Fenger UMFA og annar þingforseti var kjörinn Páll Aðalsteinsson UMFA. Þingritrar voru kjörnir Valgerður Magnúsdóttir UMFA og Sigriður Gunnarsdóttir UMFA.

3. Kosning í kjörbréfaneftnd.

Í kjörbréfaneftnd voru kjörin Svanur M. Gestsson UMFA, Þorgrímur Októsson UMFA og Alda Helgadóttir Stjórnunni.

4. Skýrsla stjórnar.

Hafsteinn Pálsson flutti skýrslu stjórnar, en skýrslan lá fjöldituð fyrir þinginu. Hafsteinn hvatti aðildarfélögini til að nýta sér skrifstofu UMSK. Hann taldi félagatal félaganna ekki nógum vel unnin en sagölist vonast til að þau yrðu komin í gott lag fyrir vorið. Þá þakkaði Hafsteinn Mosfellsbæ, Mosfellsbakaríi og karlakórnum Stefni fyrir þeirra þátt í Afmælishátið UMSK sem haldin var 29. nóvember 1987.

Kristján Sveinbjörnsson flutti skýrslu Landsmótsnefndar UMSK, en skýrsla nefndarinnar er í skýrslu stjórnar.

Elsa Jónsdóttir gjaldkeri flutti reikninga sambandsins.

5. Ávörp gesta.

Pálmi Gíslason tók fyrstur til máls undir þessum lið. Hann flutti kveðjur Ungmennafélags Íslands. Hann þakkaði skýrslu stjórnar og það mikla starf sem unnið er innan UMSK. Hann ræddi um íþróttastarf innan UMSK og taldi framkomu UMSK- hópsins á Landsmótinu til sóma og ræddi um góða stemmningu innan hópsins sem endranær. Þá minntist hann á Skinfaxa og minningarsjóð Aðalsteins Sigmundssonar.

Sveinn Björnsson forseti ÍSÍ bar þinginu kveðjur Framkvæmdastjórnar ÍSÍ og sagði að fjögur af sjö væru mætt á þingið. Hann minntist á skýrslu stjórnar og gladdist yfir góðum fjárhag UMSK. Sveinn talaði um rekstur íþróttahreyfingarinnar og benti á að framlag ríkisins til íþróttamála væri einungis 2-3 % af rekstrarkostnaði. Þá minntist hann á lottó og sagði að úthlutunareglum hefði verið breytt fyrir áramót og fljóttlega stæði til að auka enn hlut héraðssambandanna, þannig að hlutur þeirra verði 60% á móti 40% hlut sérsambanda. Sveinn minntist á hugmyndir um að leggja niður Íþrótta- og Félagsheimilasjóði og taldi það skref aftur á bak. Þá talaði hann um Landsmótin og Ólympiuleikana. Þá talaði hann um uppbyggingu íþróttasvæðis að Laugarvatni. Að lokum óskaði hann þinginu velfarnaðar og UMSK alls hins besta á árinu.

Þegar hér var komið við sögu var gerð dagskrárbreyting og var umræða um skýrslu stjórnar færð fram fyrir álit kjörbréfanefndar.

6. Umræður um skýrslu stjórnar.

Katrin Gunnarsdóttir þakkaði fallega skýrslu en gat þess að ekki væri getið um Prastarskóð i henni. Þá ræddi hún um að 20. Landsmót UMFÍ og Íþróttahátið ÍSÍ yrðu sama ár. Hún hvatti til viðræðna milli hlutaðeigandi aðila.

Hafsteinn Pálsson vildi benda þingheimi á að Útbreiðslustyrkuninn kæmi frá ÍSÍ. Jafnframt að gleymst hefði að setja kafla um Prastarskóð i skýrsluna.

Páll Aðalsteinsson gat um að skýrslan væri óvenju vel gerð. Þá gat hann þess að Landsmót hestamanna yrði haldið 1990. Þá nefndi hann stóran þátt sýningarfólks í fimleikum á síðasta Landsmóti og vildi meina að of lítið væri talað um þann þátt Landsmótsins. Að lokum óskaði hann stjórninni til hamingju með gott ár.

64. Ársþing UMSK



Jón Ingí Ragnarsson
sker fyrstu sneiðina af
afmælistertunni á Af-
mælishátið UMSK í
Hlégarði.



Kópavogsbúarnir tóku
hraustlega til matar síns
með bæjarritarann í
broddi fylkingar.



Starfsmerki UMSK var
veitt í fyrsta skipti á 65
ára afmæli UMSK. Hér til
hliðar eru þeir sem
maettir voru við athöfn-
ina.

Sigurður Þorsteinsson ræddi skýrsluna og talaði um útlit hennar. Hann sagði að hreyfingin þyrfti að kynna sig betur fyrir þeim sem leitað væri til um fjárstuðning.

Par sem ekki fleiri óskuðu eftir að taka til máls undir þessum lið bar þingforseti upp skýrslu stjórnar og reikninga til samþykktar og var hvorutveggja samþykkt án mótatkvæða.

7. Matarhlé.

Í matarhléi veitti Mosfellsbær veglegar veitingar og eru þeim færðar þakkar fyrir.

Páll Guðjónsson, Bæjarstjóri Mosfellsbæjar, kvaddi sér hljóðs í hléinu og bar fundarmönnum kveðjur bæjarstjórmálar.

Hafsteinn Pálsson kvaddi sér hljóðs og þakkaði Mosfellsbæ fyrir veitingarnar. Þá afhenti hann Bjarka Arnórssyni siglingamanni úr Ými Afreksbikar UMSK. Einnig afhenti hann Ölinu Sveinsdóttur UBK Félagsmálaskjöld UMSK og Karli Harry Sigurðssyni Stjörnunni UMFI-BIKAR UMSK vegna meistaraflokkks karla í handknattleik.

Hafsteinn afhenti Garðari Guðmundssyni, Pálma Gíslasyni og Sveini Jóhannssyni Starfsmerki UMSK en þeir gátu ekki veitt því viðtöku á 65 ára afmæli UMSK.

Að síðustu hlutu fimm Starfsmerki UMSK en þau eru Ester Jónsdóttir UBK, Hulda Pétursdóttir UBK, Katrín Gunnarsdóttir Stjörnunni, Magnús Harðarson ÍK, sem gat ekki mætt á þingið, og Þorgrímur Októsson UMFA.

8. Kjörbréfanefn skilar álit.

Svanur M. Gestsson flutti álit kjörbréfanefndar og kynnti þingfulltrúa. Alls áttu fulltrúar frá 20 félögum rétt til þingsetu. Þá voru mættir áheyrnarfulltrúar frá Íþróttadeild Hestamannafélagsins Harðar sem fengu nýlega aðild að UMSK. Eftirtalin félög skiluðu kjörbréfum og því áttu eftirtaldir félagar rétt á setu á þinginu.

Umf. Afturelding.

Þorgrímur Októsson
Sigurbjörn Árnason

Umf. Drengur.

Ólafur Magnússon
Helgi Guðbrandsson

64. Ársþing UMSK

Sigríður Gunnarsdóttir
Hafsteinn Pálsson
Jónína Hólmssteinsdóttir
Valgerður Magnúsdóttir
Alfa Jóhannsdóttir
Páll Aðalsteinsson
Svanur M. Gestsson
Til vara:
Halldór Frímannsson
Niels Hauksson
Pétur Fenger
Einar Guðmundsson

Umf. Breiðablik.

Sigurjón Valdimarsson
Jón Ingí Ragnarsson
Valdimar Fr. Valdimarsson
Ester Jónsdóttir
Helga Jóhannsdóttir
Sigurberg Hraunar Danielsson
Hildur Grétarsdóttir
Gylfi Sigurpálsson
Ólina Sveinsdóttir

Íþróttafélagið Gerpla.

Ingvar Árnason
Elsa Jónsdóttir
Til vara:
Karl G. Hjaltason
Þórunn Ísfeld

Knattspyrnufélagið Hvatberar.

Ágúst Baldursson
Steinarr Ólafsson
Atli Atlason
Til vara:
Magnús Bernharðsson
Sigurður Þórðarson

Íþróttafélagið Gáski.

Snorri Magnússon

Hilmar Elísson
Til vara:
Haraldur Magnússon
María Magnúsdóttir

Umf. Bessastaðahrepps.

Berglind Guðmundsdóttir
Jytte Frímannsson
Kristján Sveinbjörnsson

Umf. Stjarnan.

Karl H. Sigurðsson
Halldór Kjartansson
Alda Helgadóttir
Gunnlaugur Sigurðsson
Sævar Jónsson
Jón Björgvinsson

Siglingafélagið Ýmir.

Birgir Ari Hilmarsson
Guðmundur J. Björgvinsson
Óttarr Hrafnkelsson
Baldvin Björgvinsson
Ísleifur Friðriksson
Til vara:
Páll Hreinsson
Bjaki Arnórsson
Gunnlaugur Jónasson

Golfklúbburinn Kjölur.

Örn Höskuldsson
Óskar Sigurbergsson
Valur Helgason


Siglingakl. Sigurfari.

Hjörtur Hjartarson


64. Ársþing UMSK



Um 400 börm tóku þátt í Skólahlaupi UMSK. Á myndinni kemur einn árgangurinn sér fyrir við rásmarkið.



Frá Héraðsmóti UMSK í sundi fyrir 12 ára og yngri í Varmárlaug.



Frá æfingu í Gerpluhús-
inu. Tilþrifin leyna sér
ekki.

64. Ársþing UMSK

9. Skipað i nefndir, mál lögð fyrir.

Eftirtaldar tillögur frá stjórn lágu fyrir þinginu og var þeim vísað til nefnda sem hér segir:

Tillaga 1.

64. ársþing UMSK... beinir því til aðildarfélaga UMSK að láta stjórn og skrifstofu UMSK vita af aðalfundum sínum með góðum fyrirvara. Þá geta fulltrúar UMSK mætt á aðalfundi og fengið betri innsýn í starfið hjá félögunum.(Allsherjarnefnd)

Tillaga 2.

64. ársþing UMSK... skorar á formenn aðildarfélaga að gera skil á Starfsskýrslum vel fyrir 15. apríl. Sérstaklega er skorað á formenn að vanda vel útfyllingu skýrslunnar og vanmeta ekki eigið starf.(Allsherjarnefnd)

Tillaga 3.

64. ársþing UMSK... samþykkir að kjósa 3ja manna nefnd til að sjá um Félagsmálafræðslu á svæði UMSK.(Allsherjarnefnd)

Tillaga 4.

64. ársþing UMSK... skorar á skólastjóra og íþróttakennara á sambandssvæðinu að leggja metnað sinn í að mæta með fullskipað keppnislið í Skólahlaup UMSK sem haldið er á hverju hausti. Jafnframt hvetur þingið til samstarfs í öðrum greinum. (Íþróttanefnd)

Tillaga 5.

64. ársþing UMSK... hvetur aðildarfélögin til að gera stórátak í dómaramálum. Þingið hvetur til samvinnu aðildarfélaganna í milli bæði hvað varðar skipti á dómurum og menntun dómara s.s. með sameiginlegum dómaranámskeiðum. (Íþróttanefnd)

Tillaga 6.

64. ársþing UMSK... lýsir ánægju sinni með þær miklu framkvæmdir sem hafnar eru á vegum Mosfellsbæjar vegna undirbúnings Landsmóts UMFÍ 1990, sem haldið verður í Mosfellsbæ. (Íþróttanefnd)

64. Ársþing UMSK

Tillaga 7.

64. ársþing UMSK... þakkar sveitarstjórnarmönnum og sýslunefnd fyrir veittan stuðning síðustu ára og leggur til við sveitarfélögin að þau miði framlag sitt til UMSK 1989 við íbúafjölda, kr. 30 á íbúa. (Fjárhagsnefnd)

Tillaga 8.

Fjárhagsáætlun 1988.

Tekjur:

Framlög sveitarfélaga	450.000.-
Útbreiðslustyrkur frá ÍSÍ	650.000.-
Getraunir	210.000.-
Lottó 5/32	900.000.-
Rekstur Mjölnisholti 14	75.000.-
Skattur aðildarfélaga	225.000.-
Aðrar tekjur	<u>50.000.-</u>
	<u>2.560.000.-</u>

Gjöld:

Laun og launatengd gjöld	1.300.000.-
Rekstur skrifstofu	400.000.-
Sérráð	250.000.-
Annar kostnaður	160.000.-
Skattur til UMFÍ og ÍSÍ	50.000.-
Áhöld fyrir skrifstofu	<u>400.000.-</u>
	<u>2.560.000.-</u>

(Fjárhagsnefnd)

Tillaga 9.

64. ársþing UMSK... samþykkir að skattar aðildarfélaganna verði krónur 50 á alla félaga árið 1988. (Fjárhagsnefnd)

Tillaga 10.

64. ársþing UMSK... samþykkir að orðið "Mosfellsbær" bætist við upptalningu í 1. grein laga UMSK. Einnig að upptalning á sveitar- og bæjarfélögum raðist í stafrófsröð.

1. grein hljóði því svo: Sambandið heitir Ungmennasamband Kjalarnesþings, skammstafað UMSK. Sambandssvæðið er Garðabær, Kjósarsýsla, Kópavogskaupstaður, Mosfellsbær og Seltjarnarneskaupstaður. (Laganefnd)


64. Ársþing UMSK



Skáksveit UMSK vinstra megin. Skotta setti UMSK sveitina í fimmta sæti. Jón Pálsson sérgreinastjóri UMSK í skák er annar frá vinstri.



Afmaðishlaup UMFÍ fór fram á föstudeginum. Sóru Jónasdóttur UMSK má greina fyrir miðri mynd.



Ungu strákana í blakliði UMSK munaði ekki um að senda nokkra HSK menn í gólfíð.

64. Ársþing UMSK

Tillaga 11.

64. ársþing UMSK... samþykkir að setningin "2/3 kjörnir fulltrúar eru mættir á héraðsþinginu" í 6. grein laga UMSK falli brott og í stað hennar komi "löglega er til þess boðað."

6. grein hljóði því svo: Sambandsfélögin kjósa sér aðalfulltrúa og vara á félagsfundum sínum, til að mæta á héraðsþingi, einn fyrir hverja 5 tugi eða brot úr tug, gjaldskyldra félagsmanna 16 ára og eldri. Þó skulu fulltrúar aldrei vera fleiri en 8 frá sama félagi. Auk þess skal formaður vera sjálfkjörinn aðalfulltrúi á sambandsþinginu. Stjórnarmeðlimir sambandsins hafa atkvæðisrétt þótt þeir séu ekki kjörnir fulltrúar. Héraðsþing er lögmætt, ef löglega er til þess boðað. (Laganefnd)

Tillaga 12.

64. ársþing UMSK... samþykkir að síðasta málsgrein 7. greinar laga UMSK sem hljóðar svo "Skylt er stjórninni að halda minnst ársfjórðungslega fundi með formönnum aðildarfélaga UMSK." falli brott og í stað hennar komi: "Skylt er stjórninni að halda fund með formönnum aðildarfélaga UMSK í september eða október ár hvert."

7. grein hljóði því svo: Stjórn sambandsins skipa 5 menn. Formaður skal kosinn sér en aðrir stjórnarmenn í einu lagi, þá skal kjósa þrjá menn í varastjórn og enn fremur two endurskoðendur og two til vara. Heimilt er stjórninni að skipa starfsnefndir sér til aðstoðar við sérstök verkefni eða ákveða þætti starfsins, telji hún þess þörf. Skylt er að halda fund með formönnum aðilarfélaga UMSK í september eða október ár hvert. (Laganefnd)

Tillaga 13.

Viðbætir við Reglur um heiðursviðurkenningar UMSK. (Breytingar eru feitletraðar)

UMSK veitir við sérstök tækifæri einstaklingum eða félögum heiðursviðurkenningar fyrir mikil og góð störf fyrir sambandið.

1. Starfsmerki UMSK skal veita þeim einstaklingum sem unnið hafa af trúnaði mikil og góð störf fyrir sambandið eða aðildarfélögini.

2. Silfurmerki UMSK skal veita þeim einstaklingum sem unnið hafa í langan tím fyrir sambandið eða aðildarfélögini.

64. Ársþing UMSK

3. Gullmerki UMSK skal veita þeim einstaklingum sem starfað hafa innan UMSK í langan tíma og gert stórt átak í félagsstörfum innan UMSK.

4. Heiðursviðurkennung UMSK, skjöldur, skal veittur þeim, sem ekki eru félagar í UMSK en styrkt hafa eða aðstoðað UMSK og/eða aðildarfélög verulega.

5. Félagsmálaskjöldur UMSK, gefinn af Axeli Jónssyni og konu hans, Guðrúnú Gísladóttur, skal veittur árlega á ársþingi UMSK til einstaklings sem skarað hefur fram úr í félagsstörfum á liðnum árum.

6. Afreksbikar UMSK skal veita árlega á ársþingi UMSK til einstaklings sem skarað hefur fram úr í íþróttum á liðnu ári.

7. UMFÍ- BIKARINN skal veita árlega á ársþingi UMSK til hóps sem skarað hefur fram úr í íþróttum á liðnu ári.
(Laganefnd)

Síðan var skipað í nefndir og fer upptalning á nefndum og þeim er í þeim sátu hér á eftir. Aðrir sem ekki eru taldir upp störfuðu ekki eða gengu á milli nefnda.

1. Íþróttanefnd.

Alda Helgadóttir, formaður
Þorgrímur Októsson
Jóninna Hólmsteinsdóttir
Halldór Kjartansson
Snorri Magnússon
Hjörtur Hjartarson
Birgir Hilmarsson
Jytte Frímansson
Sigurgeberg Hraunar Danielsson

2. Laganefnd.

Ólina Sveinsdóttir, form.
Berglind Guðmundsdóttir
Ólafur Magnússon
Baldvin Björgvinsson
Helga Jóhannsdóttir
Karl H. Sigurðsson

3. Fjárhagsnefnd.

Svanur M. Gestsson, form.
Elsa Jónsdóttir
Ísleifur Friðriksson
Sigurjón Valdimarsson
Atli Atlason
Magnús Bernharðsson

4. Allsherjarnefnd.

Lárus Pétursson, formaður
Kristján Sveinbjörnsson
Óttar Hrafinkelsson
Ester Jónsdóttir
Hildur Grétarsdóttir

10. Nefndarstörf.

64. Ársþing UMSK



Kristján Sveinbjörnsson,
Berglind Burknadóttir,
Hafsteinn Pálsson, Albert
H.N. Valdimarsson og
Trausti Finnbogason
matreiða kryddlegnu
kótilettunar.



Mötuneyti UMSK.



UMSK sigraði Njarðvík-
inga 3-0 í úrslitaleiknum
í knattspymu. Hér af-
hendir Pálmi Gíslason
liðinu sigurlaunin við
móttsslitin.

64. Ársþing UMSK

11. Nefndir skila álti, almenn afgreiðsla.

Lárus Pétursson skilaði og gerði grein fyrir álti allsherjarnefndar.

Tillaga 1. (með breytingu)

64. ársþing UMSK... beinir því til aðildarfélaga UMSK að láta skrifstofu UMSK vita af aðalfundum sínum með góðum fyrirvara. Þá geta fulltrúar UMSK mætt á aðalfundi og fengið betri innsýn í starfið hjá félögunum.

Tillaga 2. (með breytingum)

64. ársþing UMSK... skorar á formenn aðildarfélaga að gera skil á Starfsskýrslum fyrir 1. apríl. Sérstaklega er skorað á þá að vanda vel útfyllingu skýrslunnar og vanmeta ekki eigið starf.

Tillaga 3. (með breytingum)

64. ársþing UMSK... samþykkir að fela stjórn að kjósa 3ja manna nefnd til að sjá um Félagsmálafræðslu á svæði UMSK.

Tillaga 14.

64. ársþing UMSK... samþykkir að skora á stjórnir aðildarfélaganna að skipuleggja gönguleiðir fyrir hinn árlega Göngudag fjölskyldunnar og hvetja til þátttöku.

Tillaga 15.

64. ársþing UMSK... samþykkir að fela stjórn UMSK að halda áfram uppyggingu skála sambandsins í Prastarskógi og umhverfi hans í samráði við stjórn UMFÍ.

Tillaga 16.

64. ársþing UMSK... samþykkir að senda Halldóri Halldórssyni skeytti með óskum um gæfu og góðan bata.

Lárus lagði til að tillögurnar yrðu samþykktar eins og þær komu frá nefndinni. Þær voru allar samþykktar einróma.

64. Ársþing UMSK

Halldór Kjartanson skilaði og gerði grein fyrir álti íþróttanefndar.

Tillaga 4. (með breytingum og viðbæti)

64. ársþing UMSK... skorar á skólastjóra og íþróttakennara á sambandssvæðinu að leggja metnað sinn í að mæta með fullskipað keppnislið í Skólahlaup UMSK sem haldið er á hverju hausti. Jafnframt hvetur þingið til samstarfs í öðrum greinum. Þingið leggur jafnframt til að:

1. Skóla- og bæjaryfirvöldum verði send bréf og þau fengin til að gera meira fyrir hlaupið.
2. Fá skóla til að keppa sín á milli og þá í fleiri greinum t.d. sundi.
3. Stjórn UMSK hafi náið samband við skólastjóra um eflingu íþróttaiðkunar.

Tillaga 5. (með breytingum og viðbæti)

64. ársþing UMSK... hvetur aðildarfélögini til að gera stórátak í dómaramálum. Þingið hvetur til samvinnu aðildarfélaganna í milli bæði hvað varðar skipti á dómurum og menntun dómara s.s. með sameiginlegum dómaranámskeiðum. Jafnframt leggur þingið til að:

1. Stofnað verði dómararáð/dómarasamband UMSK.
2. Haldin verði dómaranámskeið reglulega.

Tillaga 6. (með breytingum og viðbæti)

64. ársþing UMSK... lýsir ánægju sinni með þær miklu framkvæmdir sem hafnar eru á vegum Mosfellsbæjar vegna undirbúnings Landsmóts UMFÍ 1990, sem haldið verður í Mosfellsbæ. Einnig skorar þingið á bæjaryfirvöld að setja gerviefni á upplýstar og upphitaðar hlaupabrautir fyrir íþróttafolk og almenning.

Tillaga 17.

64. ársþing UMSK... skorar á stjórn UMSK að vinna að því að eftifarandi greinar verði keppnisgreinar á Landsmótinu 1990: Fimleikar, karate, siglingar, handknattleikur karla, knattspyrna kvenna og blak kvenna.

Halldór lagði til að tillögurnar yrðu samþykktar eins og þær komu frá nefndinni.

Svanur Gestsson vildi fá skýringar á tillögu 5 um það í hvaða greinum stofna ætti dómararáð. Taldi hann það ekki koma nógu skýrt fram.

64. Ársþing UMSK



Skógarþróstur einn átti eitthvað vantalað við starfsfólk Í afgreiðslu mótsstjórnar.



Grindvíkingar voru lagðir að velli í úrslitaleiknum um 3.- og 4. sætið í körfuknattleik.



Boðhlaußsveit UMSK vann tvöfalt eins og svo oft áður.

64. Ársþing UMSK

Alda Helgadóttir svaraði því til að stofna ætti eitt dómararáð sem færi með dómaramál allra íþróttagreina.

Tillögurnar voru síðan bornar undir atkvæði og voru þær allar samþykktar samhljóða án breytinga.

Svanur Gestsson skilaði og gerði grein fyrir álti Fjárhagsnefndar.

Tillaga 7.

64. ársþing UMSK... þakkar sveitarstjórnarmönnum og sýslunefnd fyrir veittan stuðning síðustu ára og leggur til við sveitarfélögin að þau miði framlag sitt til UMSK 1989 við íbúafjölda, kr. 30 á íbúa.

Tillaga 8. (með breytingum)

Fjárhagsáætlun 1988.

Tekjur:

Framlög sveitarfélaga	400.000.-
Útbreiðslustyrkur ÍSÍ	650.000.-
Getraunir	180.000.-
Lottó 5/32	950.000.-
Rekstur Mjólnisholti 14	75.000.-
Skattur aðildarfélaga	175.000.-
Aðrar tekjur	<u>50.000.-</u>
	<u>2.480.000.-</u>

Gjöld:

Laun og launatengd gjöld	1.300.000.-
Rekstur skrifstofu	350.000.-
Sérráð	250.000.-
Annar kostnaður	130.000.-
Skattur til ÍSÍ og UMFÍ	50.000.-
Áhöld fyrir skrifstofu	<u>400.000.-</u>
	<u>2.480.000.-</u>

64. Ársþing UMSK

Tillaga 9. (með breytingum og viðbæti)

64. ársþing UMSK... samþykkir að skattar aðildarfélaganna verði kr. 50 á félagsmenn 16 ára og eldri og kr 25 á félagsmenn yngri en 16 ára.

Svanur lagði til að allar tillögur yrðu samþykktar eins og þær komu frá nefndinni.

Tilaga 7 og 8 voru samþykktar einróma án breytinga.

Karl H. Sigurðsson taldi tillögu 9 auka skattbyrgði félaganna og taldi hækkunina of mikla.

Tillaga 9 var síðan borin undir atkvæði og var samþykkt með megin þorra greiddra atkvæða gegn einu.

Ólina Sveinsdóttir skilaði og gerði grein fyrir álti Laganeftdar.

Tillaga 10.

64. ársþing UMSK... samþykkir að orðið "Mosfellsbær" bætist við upptalningu í 1. grein laga UMSK. Einnig að upptalning á sveitar- og bæjarsfélögum raðist í stafrófsröð.

1. grein hljóði því svo: Sambandið heitir Ungmennasamband Kjalarnesþings, skammstafað UMSK. Sambandssvæðið er Garðabær, Kjósarsýsla, Kópavogskaupstaður, Mosfellsbær og Seltjarnarneskaupstaður.

Tillaga 11. (með breytingum)

64. ársþing UMSK... samþykkir að setningin "2/3 kjörnir fulltrúar eru mættir á héraðsþinginu" í 6. grein laga UMSK falli brott og í stað hennar komi "löglega er til þess boðað." Einnig að orðið "vara" í fyrstu málsgrein verði "varafulltrúa."

6. grein hljóði því svo: Sambandsfélögin kjósa aðalfulltrúa og varafulltrúa á félagsfundum sínum, til að mæta á héraðsþingi, einn fyrir hverja 5 tugi eða brot úr tug, gjaldskyldra félagsmanna 16 ára og eldri. Þó skulu fulltrúar aldrei vera fleiri en 8 frá sama félagi. Auk þess skal formaður vera sjálfkjörinn aðalfulltrúi á sambandsþing. Stjórnarmeðlimir sambandsins hafa atkvæðisrétt þótt þeir séu ekki kjörnir fulltrúar. Hérðasþing er lögmætt, ef löglega er til þess boðað.

64. Ársþing UMSK



Svanhildur Kristjónsdóttir varð stigahaest kvenna í frjálsum íþróttum. Hún sigraði í 100 metra hlaupinu þriðja Landsmótið í röð.



Fyrirliði knattspyrnuliðsins tekur við sigurlaununum.



Fyrirliði handknattleiksliðsins tekur við sigurlaununum fyrir borðtennis.

64. Ársþing UMSK

Tillaga 12. (með breytingum og viðbæti)

64. ársþing UMSK... samþykkir að síðasta málsgrein 7. greinar laga UMSK sem hljóðar svo: "Skylt er stjórninni að halda minnst ársfjórðungslega fundi með formönnum aðildarfélaga UMSK." falli brott og í stað hennar komi: "Skylt er stjórninni að halda fund með formönnum aðildarfélaga UMSK i september eða október ár hvert. Jafnframt að setningin "...sér en aðrir stjórnarmenn í einu lagi, þá skal kjósa þrjá menn í varastjórn og enn fremur two endurskoðendur og two til vara." falli brott og í stað hennar komi: "Formaður skal kosinn sérstaklega til eins árs í senn. Aðrir stjórnarmenn skulu kosnir til tveggja ára, þó þannig að aðeins skal kosið um two árlega. Árlega skal kjósa þrjá menn í varastjórn enn fremur two endurskoðendur og two til vara. Stjórnin skiptir með sér verkum.

7. grein hljóði því svo: Stjórn sambandsins skipa 5 menn. Formaður skal kosinn sérstaklega til eins árs í senn. Aðrir stjórnarmenn skulu kosnir til tveggja ára, þó þannig að aðeins skal kosið um two árlega. Árlega skal kjósa þrjá menn í varastjórn enn fremur two endurskoðendur og two til vara. Stjórnin skiptir með sér verkum. Heimilt er stjórninni að skipa starfsnefndir sér til aðstoðar við sérstök verkefni eða ákveðna þætti starfsins, telji hún þess þörf. Skylt er að halda með formönnum aðildarfélaga UMSK i september eða október ár hvert.

Tillaga 13.

Reglur um Heiðursviðurkenningar UMSK.

UMSK veitir við sérstök tækifæri einstaklingum eða félögum heiðursviðurkenningar fyrir mikil og góð störf fyrir sambandið.

1. Starfsmerki UMSK skal veita þeim einstaklingum sem unnið hafa af trúnaði mikil og góð störf fyrir sambandið eða aðildarfélögini

2. Silfurmerki UMSK skal veita þeim einstaklingum sem unnið hafa í langan tíma fyrir sambandið eða aðildarfélögini.

3. Gullmeki UMSK skal veita þeim einstaklingum sem starfað hafa innan UMSK í langan tíma og gert stórt átaska í félagsstörfum innan UMSK.

4. Heiðursviðurkenning UMSK, skjöldur, skal veittur þeim, sem ekki eru félagar í UMSK en styrkt hafa eða aðstoðað UMSK og/eða aðilarfélög verulega.

64. Ársþing UMSK

5. Félagsmálaskjöldur UMSK, gefinn af Axeli Jónssyni og konu hans, Guðrún Þóra Gísladóttur, skal veittur árlega á ársþingi UMSK til einstaklings sem skarað hefur fram úr í félagsstörfum á liðnum árum.

6. Afreksbikar UMSK skal veita árlega á ársþingi UMSK til einstaklings sem skarað hefur fram úr í íþróttum á liðnu ári.

7. UMFÍ- BIKARINN skal veita árlega á ársþingi UMSK til hóps sem skarað hefur fram úr í íþróttum á liðnu ári.

Ólina lagði til að allar tillögur yrðu samþykktar eins og þær komu frá nefndinni. Voru þær samþykktar einróma án breytinga.

Þegar hér var komið við sögu var gert kaffihlé í boði UMFA.

12. Önnur mál

Sigurður Geirdal tók fyrstur til máls eftir kaffihlé. Hann ræddi skýrslu stjórnar og fannst hún vel úr garði gerð, hann ræddi um 20. Landsmót UMFÍ og sagði almennt frá undirbúningi Landsmóta og gat þess að ótrúlega stutt væri fram að Landsmóti og tíminn fljótur að liða. Hann hvatti UMSK til að byrja að kynna mótsstaðinn og koma sem fyrst af stað samkeppni um merki mótsins. Hann sagði að það væri ekkert sjálfgefið að Skarphéðinn ynni alltaf, það væri vel hægt að vinna þá.

Sigurður Þorsteinsson tók næstur til máls, hann sagðist hafa skoðað árangur viðsvegar um landið, t.d. þar sem félagsþátturinn er góður, þar næst góður árangur en þar sem félagsþátturinn er slæmur, þar næst lélegur árangur. Hann taldi upp staði og kom í ljós að Reykjavík var ekki efst á blaði. Þá talaði hann um Göngudag fjölskyldunnar og hvatti menn til að ganga vel um landið.

Kristján Sveinbjörnsson tók næstur til máls, hann tók undir orð Sigurðar Geirdal um Landsmótið. Kristján taldi að fjölga þyrfti keppnisgreinum á Landsmóti. Hann nefndi t.d. handknattleik karla og blak kvenna. Þá sagði hann að byggja þyrfti upp sterkt lið í frjálsum og sundi. Þá ræddi hann um hina miklu fjölgun aðildarfélaga. Að lokum þakkaði hann frásarandi stjórn störf þeirra síðastliðið ár.

64. Ársþing UMSK



Albrecht Ehmann hampar hér sigurlaununum fyrir borðtennis.



2. sæti varð hlutskipti UMSK á þessu Landsmóti. Hafsteinn Pálsson, formaður UMSK, veitti viðtöku bikar fyrir 2. sætið.



Kristján Sveinbjörnsson, formaður Landsmótsnefndar UMSK, Hafsteinn Pálsson, formaður UMSK og Einar Sigurðsson framkvæmdastjóri UMSK eru hér með þá verðlaunagripi er UMSK vann á Landsmótinu.

64. Ársþing UMSK

13. Kosningar.

Einar Sigurðsson flutti tillögur uppstillinganefndar:

Formaður :	Hafsteinn Pálsson	UMFA
Aðrir í stjórn: til tveggja ára:	Svanur M. Gestsson Alda Helgadóttir	UMFA Stjórnunni
til eins árs:	Ólina Sveinsdóttir Elsa Jónsdóttir	UBK Gerplu
Varastjórn:	Guðmundur Karlsson Hraunar Danielsson Ólafur Magnússon	ÍK UBK Umf. Dreng
Endurskoðendur:	Steinþór Pálsson Sigurður Geirdal	
Til vara:	Katrín Gunnarsdóttir Kristján Sveinbjörnsson	
Héraðsdómstóll:	Magnús Harðarson Halldór Frímannsson Albert H.N. Valdimarsson	ÍK UMFA HK
Til vara:	Erlingur Þorsteinsson Margrét Bjarnadóttir Þorbergur Karlsson	Stjórnunni Gerplu UBK

14. Þingslit.

Hafsteinn Pálsson tók að lokum til máls og bauð nýja stjórnarmenn velkomna til starfa um leið og hann þakkaði þeim sem frá hverfa fyrir þeirra störf. Hann þakkaði UMFA fyrir veitingarnar í kaffihléinu. Þá þakkaði hann að lokum mönnum fyrir góða þingsetu um leið og hann óskaði mönnum góðrar heimkomu og sleit 64. ársþingi UMSK.

64. Ársþing UMSK

TILLÖGUR SAMÞUKKTAR Á 64. ÁRSPINGI UMSK:

Tillaga 1.

64. ársþing UMSK... beinir því til aðildarfélaga UMSK að láta skrifstofu UMSK vita af aðalfundum sínum með góðum fyrirvara. Þá geta fulltrúar UMSK mætt á aðalfundi og fengið betri innsýn í starfið hjá félögunum.

Tillaga 2.

64. ársþing UMSK... skorar á formenn aðildarfélaga að gera skil á Starfsskýrslum fyrir 1. apríl. Sérstaklega er skorað á þá að vanda vel útfyllingu skýrslunnar og vanmeta ekki eigið starf.

Tillaga 3.

64. ársþing UMSK... samþykkir að fela stjórn að skipa 3ja manna nefnd til að sjá um Félagsmálafræðslu á svæði UMSK.

Tillaga 4.

64. ársþing UMSK... skorar á skólastjóra og íþróttakennara á sambandssvæðinu að leggja metnað sinn í að mæta með fullskipað keppnislið í Skólahlaup UMSK sem haldið er á hverju hausti. Jafnframt hvetur þingið til samstarfs í öðrum greinum.

Þingið leggur jafnframt til að:

1. Skóla- og bæjaryfirvöldum verði sent bréf og þau fengin til að gera meira fyrir hlaupið.
2. Fá skóla til að keppa sín á milli og þá í fleiri greinum, t.d. sundi.
3. Stjórn UMSK hafi náið samband við skólastjóra um eflingu íþróttaiðkunar.

Tillaga 5.

64. ársþing UMSK... hvetur aðildarfélögini til að gera stórátak í dómaramálum. Þingið hvetur til samvinnu aðildarfélaganna í milli bæði hvað varðar skipti á dómurum og menntun dómara s.s. með sameiginlegum dómaranámskeiðum.

Jafnfram leggur þingið til að:

1. Stofnað verði dómararáð/dómarasamband UMSK.
2. Haldin verði dómaranámskeið reglulega.


64. Ársþing UMSK



Mikið fjölmenni fylgdist með Landsmótskeppninni.



Hluti tjaldbúða UMSK.



Pegar er hafinn undirbúningsfjall fyrir Landsmót ið 1990, en það fer fram að Varmá í Mosfellsbæ.

64. Ársþing UMSK

Tillaga 6.

64. ársþing UMSK... lýsir ánægju sinni með þær miklu framkvæmdir sem hafnar eru á vegum Mosfellsbæjar vegna undirbúnings Landsmóts UMFÍ 1990, sem haldið verður í Mosfellsbæ. Einnig skorar þingið á bæjaryfirvöld að setja gerviefni á upplýstar og upphitaðar hlaupabrautir fyrir íþróttafolk og almenning.

Tillaga 7.

64. ársþing UMSK... þakkar sveitarstjórnarmönnum og sýslunefnd fyrir veittan stuðning síðustu ára og leggur til við sveitarfélögin að þau miði framlag sitt til UMSK 1989 við íbúafjölda, kr. 30 á íbúa.

Tillaga 8.

Fjárhagsáætlun 1988.

Tekjur:

Framlög sveitarfélaga	400.000.-
Útbreiðslustyrkur ÍSÍ	630.000.-
Getraunir	210.000.-
Lottó 5/32	950.000.-
Rekstur Mjölnisholti 14	75.000.-
Skattur aðildarfélaga	175.000.-
Aðrar tekjur	<u>50.000.-</u>
	<u>2.480.000.-</u>

Gjöld:

Laun og launatengd gjöld	1.300.000.-
Rekstur skrifstofu	350.000.-
Sérráð	250.000.-
Annar kostnaður	130.000.-
Skattur til ÍSÍ og UMFÍ	50.000.-
Áhöld fyrir skrifstofu	<u>400.000.-</u>
	<u>2.480.000.-</u>

Tillaga 9.

64. ársþing UMSK... samþykkir að skattar aðildarfélaganna verði krónur 50 á félaga 16 ára og eldri og krónur 25 á félagsmenn yngri en 16 ára árið 1988.

64. Ársþing UMSK

Tillaga 10.

64. ársþing UMSK... samþykkir að orðið "Mosfellsbær" bætist við upptalningu í 1. grein laga UMSK. Einnig að upptalning á sveitar- og bæjarfélögum raðist í stafrófsröð.

1. grein hljóði því svo: Sambandið heitir Ungmennasamband Kjalarnesþings, skammstafað UMSK. Sambandssvæðið er Garðabær, Kjósarsýsla, Kópavogskaupstaður, Mosfellsbær og Seltjarnarneskaustaður.

Tillaga 11.

64. ársþing UMSK... samþykkir að setningin "2/3 kjörnir fulltrúar eru mættir á héraðsþinginu" í 6. grein laga UMSK falli brott og í hennar staðomi: "löglega er til þess boðað."

6. grein hljóði því svo: Sambandsfélögin kjósa aðalfulltrúa og varafulltúa á félagsfundum sinum, til að mæta á héraðsþingi, einn fyrir hverja 5 tugl eða brot úr tug, gjaldskyldra félagsmanna 16 ára og eldri. Þó skulu fulltrúar aldrei vera fleiri en 8 frá sama félagi. Auk þess skal formaður vera sjálfkjörinn aðalfulltrúi á sambandsþing. Stjórnarmeðlimir sambandsins hafa atkvæðisrétt þótt þeir séu ekki kjörnir fulltrúar. Héraðsþing er lögmætt, ef löglega er til þess boðað.

Tillaga 12.

64. ársþing UMSK... samþykkir að síðasta málsgrein 7. greinar laga UMSK sem hljóðar svo: "Skylt er stjórninni að halda minnst ársfjórðungslega fundi með formönnum aðildarfélaga UMSK." falli brott og í stað hennar komi: "Skylt er stjórninni að halda fund með formönnum aðildarfélaga UMSK í september eða október ár hvert." Jafnframt að setningin "...sér en aðrir stjórnarmenn í einu lagi, þá skal kjósa þrjá menn í varastjórn og ennfremur two endurskoðendur og two til vara." falli út og í stað hennar komi: "...sérstaklega til eins árs í senn. Aðrir stjórnarmenn skulu kosnir til tveggja ára, þó þannig að aðeins skal kosið um two árlega. Árlega skal kjósa þrjá menn í varastjórn ennfremur two endurskoðendur og two til vara. Stjórnin skiptir með sér verkum."

7. grein laga UMSK hljóði því svo: Stjórn sambandsins skipa 5 menn. Formaður skal kosinn sérstaklega til eins árs í senn. Aðrir stjórnarmenn skulu kosnir til tveggja ára, þó þannig að aðeins skal kosið um two árlega. Árlega skal kjósa þrjá menn í vara stjórn ennfremur two endurskoðendur og two til vara. Stjórnin skiptir með sér verkum. Heimilt er stjórninni að skipa starfsnefndir sér til aðstoðar við sérstök verkefni eða ákveðna þætti starfsins, telji hún þess þörf. Skylt er stjórninni að halda fund með formönnum aðildarfélaga UMSK í september eða október ár hvert.

64. Ársþing UMSK

Tillaga 13.

REGLUR UM HEIÐURSVIDURKENNINGAR UMSK.

UMSK veitir við sérstök tækifæri einstaklingum eða félögum heiðursviðurkenningar fyrir mikil og góð störf fyrir sambandið.

1. Starfsmerki UMSK skal veita þeim einstaklingum sem unnið hafa af trúnaði mikil og góð störf fyrir sambandið eða aðildarfélögin.

2. Silfurmerki UMSK skal veita þeim einstaklingum sem unnið hafa í langan tíma fyrir sambandið eða aðildarfélögin.

3. Gullmerki UMSK skal veita þeim einstaklingum sem unnið hafa innan UMSK í langan tíma og gert stórt átak í félagsstörfum innan UMSK.

4. Heiðursviðurkenning UMSK, skjöldur, skal veitur þeim, sem ekki eru félagar í UMSK en styrkt hafa eða aðstoðað UMSK og/eða aðilarfélög verulega.

5. Félagsmálaskjöldur UMSK, gefinn af Axeli Jónssyni og konu hans, Guðrúnu Gísladóttur, skal veittur árlega á ársþingi UMSK til einstaklings sem skarað hefur fram úr í félagsstörfum á liðnum árum.

6. Afreksbikar UMSK skal veita árlega á ársþingi UMSK til einstaklings sem skarað hefur fram úr í íþróttum á liðnu ári.

7. UMFÍ- BIKARINN skal veita árlega á ársþingi UMSK til hóps sem skarað hefur fram úr í íþróttum á liðnu ári.

Tillaga 14.

64. ársþing UMSK... samþykkir að skora á stjórnir aðildarfélaganna að skipuleggja gönguleiðir fyrir hinn árlega göngudag fjölskyldunnar og hvetja til þátttöku.

Tillaga 15.

64. ársþing UMSK samþykkir að fela stjórn UMSK að halda áfram uppbyggingu skála sambandsins í Prastarskógi og umhverfi hans í samráði við stjórn UMFÍ.

64. Ársþing UMSK

Tillaga 16.

64. ársþing UMSK... samþykkir að senda Halldóri Halldórssyni skeysi með óskum um gæfu og góðan bata.

Tillaga 17.

64. ársþing UMSK... skorar á stjórn UMSK að vinna að því að eftirfarandi greinar verði keppnisgreinar á Landsmótinu 1990: Fimleikar, karate, siglingar, handknattleikur karla, knattspyrna kvenna og blak kvenna.

64. Ársþing UMSK

ÞINGFULLTRUAR A 64. ARSPINGI UMSK 14. FEBRÚAR 1988.

FÉLAG:	Skattsk.félagar	fulltrúar	form	Alls
1 . Umf. Afturelding	364	8	1	9
2 . Umf. Drengur	61	2	1	3
3 . Umf. Kjalnesinga	58	2	1	3
4 . Umf. Bessastaðahrepps	80	2	1	3
5 . Umf. Breiðablik	735	8	1	9
6 . Umf. Stjarnan	268	6	1	7
7 . Iþróttafélagið Grótta	144	3	1	4
8 . Handknattleiksfélag Kópavogs	579	8	1	9
9 . Iþróttafélagið Gerpla	302	7	1	8
10 . Siglingafélagið Ymir	190	4	1	5
11 . Siglingaklúbburinn Vogur	33	1	1	2
12 . Iþróttafélag Kópavogs	125	3	1	4
13 . Golfklúbburinn Kjölur	75	2	1	3
14 . Knattspyrnufélagið Augnablik	41	1	1	2
15 . Siglingafélagið Sigurfari	81	2	1	3
16 . Iþróttafélagið Gáska	88	2	1	3
17 . Iþróttafélagið Hlynur	23	1	1	2
18 . Iþróttafélagið Tjaldur	41	1	1	2
19 . Golfklúbbur Garðabæjar	131	3	1	4
20 . Knattspyrnufélagið Hvatberar	76	2	1	3
	3495	66	20	86

6. grein laga UMSK hljóðar svo:

"Sambandsfélögin kjósa aðalfulltrúa og vara á félagsfundum sínum, til að mæta á héraðspingi, einn fyrir hverja 5 tugi eða brot úr tug, gjaldskyldra félagsmanna 16 ára og eldri. Þó skulu fulltrúar aldrei vera fleiri en 8 frá sama félagi. Auk þess skal formaður vera sjálfkjörinn aðalfulltrúi á sambandsþing. Stjórnarmeðlimir sambandsins hafa atkvæðisrétt þótt þeir séu ekki kjörnir fulltrúar. Héraðsping er lögmætt, ef 2/3 kjörnir fulltrúar eru mættir á héraðspinginu."

Upplýsingar UMSK um félagatölur eru frá 1986 þar sem ekki hefur enn verið skilað inn starfskýrslum fyrir 1987. Hafi þessar tölur breyst hjá ykkar félagi þá vinsamlegast látið upplýsingar paraðlútandi fylgja með kjörbréfi.